

4. bekkur

Námsgrein: Smíði

Kennarar: Gróa Björk Hjörleifsdóttir

Tíma fjöldi: 2 stundir hálfan veturinn

Menntagildi námsgreinar:

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Í þeim fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunarafl sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfra hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Verklek kunnátta hvílir á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. Nemandinn færast við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Námsgreinin byggir því í senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum um uppeldi og menntun. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Handverk	Nemandi getur: • valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki, • gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni,	Nemendur nota viðeigandi verkfæri við vinnu sína. t.d. laufsög, rasp, þjöl og sandpappír í mismunandi grófleika. Aðallega nota nemendur MDF, skorna búta úr trjágreinum og krossvið í verkefni sín.
Hönnun og tækni	• útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu, • lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,	Nemendur vinna út frá hugmyndum og teikningum sínum, velja yfirborðsmeðferð sem hæfir í samstarfi við kennarann.

	• valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum, • hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum, • lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu, • greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir,	Verkefnin eru: Snagi , String Art mynd, blýantstandur og verkefni tengt barnasýningu. Einnig er fundið verkefni tengt jólnum eða páskunum eins og við á.
Umhverfi	• gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni, • gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra, • útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.	Endurnýting og flokkun efna í kennslu í smíðastofunni þegar við á. Farið er yfir þær slysaþættir sem eru í smíðastofunni, rétt vinnubrögð og réttar vinnustellingar.
Námsmat: Leiðsagnarmat fer stöðugt fram þar sem nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. Í lok smíðatímabils, ýmist í janúar eða maí, fá nemendur lokamat á þau hæfniviðmið sem metin eru og eru niðurstöður færðar inn í Mentor.		